

Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð (2006)

Bókarhöfundur: Andri Snær Magnason

Bókarheiti: Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð

Gagnrýnandi: Guðmundur Heiðar Frimannsson

Útgáfa: Mál og menning, Reykjavík 2006, 266 bls.

HVERT ER DRAUMALANDIÐ, HINN BESTI HEIMUR ALLRA HEIMA?

Ögurstundir eru sjaldgæfar og það er fágætt að rithöfundur gefi út bók sem hittir á tvær slíkar. Andri Snær Magnason gaf út snemma á þessu ári bókina Draumalandið sem fjallar um tvö mikilvæg málefni íslensks samfélags. Annars vegar tekur hann fyrir tengsl Íslands og bandaríks hers, hins vegar orku- og virkjanamál og þar með náttúruverndarmál almennt. Á þessu ári ákváðu bandarísk stjórnvöld að kalla heim herlið sitt frá Íslandi og frá og með 1. október 2006 er Ísland herlaust. Á árinu var lokið við Háslón við Kárahnjúka og fram komu svo umfangsmiklar óskir um uppbyggingu stóriðju á Íslandi að ekki er víst að til sé orka í landinu til að byggja upp öll þessi stóriðjufyrirtæki. Það ætti kannski ekki að koma á óvart að bókinni hafi selst vel, hún er vel skrifuð, hún er skemmtileg og hún hitti á þessa tvöföldu ögurstund. Það þýðir ekki að hún sé rétt í einu og öllu en það er vel þess virði að hugsa með höfundinum um viðfangsefni hans.

Bókinni er skipt í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn nefnist Leitinn að raunveruleikanum, annar hlutinn Terror Alert og þriðji og síðasti hlutinn Terawöttin í almættinu. Það liggur í augum uppi að annar hlutinn er um sambúð Íslendinga og bandaríska hersins og stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart bandarískum stjórnvöldum og sá þriðji um stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda og náttúruvernd. En fyrsti hlutinn, um hvað er hann? Það er blasir ekki við hvað segja skal um hann. Hvað þýðir það að leita að raunveruleikanum? Er hann ekki allt í kringum okkur? Raunar er hann það en mér virðist sem höfundurinn sé að gera tvennt í þessum fyrsta hluta bókarinnar. Hann er annars vegar að benda á þá tilhneigingu hjá þeim sem ræða íslensk samfélagsmál að einn hlutur í íslensku efnahagslífi sé merkilegri en aðrir og er þá sama hvort átt er við fiska sem dregin eru úr sjó, ál sem er brætt með rafmagni eða mjólk úr kúm. Hugmyndin er þá sú að í einhverjum skilningi sé þessi starfsemi forsenda þess að öll önnur störf geti verið til. Hins vegar er höfundurinn að sýna lesandanum aðferðina sem hann beitir í allri bókinni. Hann raðar saman fjöldamörgum hlutum úr fjölmiðlum samtímans þar sem hvað rekur sig á annars horn og spyr síðan spurninga um hvað sé á seyði. Við þær vangaveltur dregur hann fram ýmislegt sem er bæði merkilegt og skemmtilegt.

Höfundurinn gerir lesanda erfitt fyrir með því að fara í margar áttir í bókinni og því er erfitt að draga saman einhver aðalatriði. Þetta þýðir ekki að bókinni sé ruglingsleg eða erfið aflestrar, það er hún alls ekki. Það er miklu fremur að höfundurinn sé stöðugt við að sprengja af sér rammann sem bókinni setur honum, ímyndunaraflíð knýr hann stöðugt áfram í vangaveltum um framtíðina og um þá möguleika sem bæði voru fyrir hendi og eru fyrir hendi. Mér sýnist að draga megi kjarnann í bókinni saman með svofelldum hætti: Raunveruleikinn er framleiðslan sem stendur undir allri annarri efnahagsstarfsemi. Stjórnvöld virðast trúa þessu og keyra áfram uppbyggingu stóriðju og virkjanir sem nauðsynlegar eru og vilja fá eins mikla stóriðju og mögulegt er. Hann notar síðan söguna um beiðni bandarískra stjórnvalda um herstöðvar til 99 ára sem gagndæmi þar sem stjórnvöld þorðu að segja nei, leituðust við að takmarka tíma og umfang hersins í landinu en lentu ekki í sama fari og Japanir á Okinawa.

En hvað á höfundurinn við þegar hann kallar bókina í undirtitli sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð? Þá er í raun komið að boðskap bókarinnar. Hann er sá að þessi raunveruleiki sem stöðugt er haldið að okkur er blekking. Það er engin framleiðsla sem er undirstaða alls annars hvort sem vísað er til fiskjar eða áls. Eins og höfundurinn segir sjálfur á bls. 76: „Samfélagið er ekki reist á stoðum og varla sett saman úr einingum heldur, það er flókinn vefur, það er frumskógur, fólk lifir hvert á öðru en hver lifir á hverjum er ekki augljóst.“ Framleiðslukenningunni hefur fylgt að ríkið ætti að stýra atvinnulífinu og halda því við raunveruleikann. Það er í raun ógæfan í virkjana- og stóriðjumálunum sem okkur tókst að forðast í samskiptum við bandarísk stjórnvöld um veru hersins í landinu. Boðskapur bókarinnar er sá að við þurfum að losa okkur við þessa blekkingu um raunveruleikann, læra að við mótum okkar eigin framtíð sjálf og þar með framtíð samfélagsins en ríkið á ekki að móta þá framtíð að öðru leyti en því að setja sanngjarnar og eðlilegar leikreglur. Það er óttinn við að sjá og skilja þessi sannindi sem bókinni á að hjálpa okkur að yfirvinna, aðstoða okkur við að skilja að veröldin er flóknari og margræðnari en sagði í gömlu landafræðibókunum um að í Hollandi séu framleiddir túlpanar og hnifar í Sheffield.

Ef þetta er réttur skilningur á bókinni verður ýmislegt skiljanlegt í uppbyggingu hennar. Það er eðlilegt

að spyrja sig til dæmis um sum efnisatriðin sem valin eru í kaflann um sögu hersins en ef punkturinn er upphafleg neitun á beiðninni um herstöð til hundrað ára þá verður skiljanlegt af hverju höfundurinn skrifar af hlýju um mannvirkin á Stokksnesi, gerir töluvert úr ákvæðinu í Sambandslagasamningnum frá 1918 um ævarandi hlutleysi Íslands og hæðist að stuðningnum við Írak og viðleitninni til að halda hernum í landinu. Það skýrir líka hvernig hann nálgast náttúruverndina, eyðir mestu púðri í að greina stefnu stjórnvalda í virkjunarmálum út frá margvíslegum gögnum og sýna fram á að stefnan eins og höfundurinn lýsir henni stenst enga skoðun.

Lesandi getur spurt sig margvíslegra spurninga um þessa bók. Hvað með samfélagsgreininguna? Mér sýnist hún í aðalatriðum vera rétt. Það er stundum orðað svo að samfélag okkar sé þjónustusamfélag en í því starfar stærstur hluti fólks við þjónustu. Í slíku samfélagi er alls ekki ljóst að eitt sé undirstaða annars, þjónustan er jafnmikilvæg og framleiðslan. Ég held raunar að svo hafi verið áður, en menn einfaldlega ekki hirt um það. Þetta merkir á mæltu máli að það er ekki aðalatriðið hvað er framleitt heldur hvað er gert úr því sem framleitt er. Sá ferill er raunar mikilvægari en framleiðslan sjálf. Þar skiptir þjónustan öllu og hún skiptir raunar líka miklu fyrir framleiðsluna sjálfa. Ekki þarf annað en hugsa út í fjármálaþjónustu til að sjá þetta. Á Íslandi líta menn fram hjá þessari staðreynd vegna þess að nánast alla tuttugustu öldina var fjármálaþjónustan á hendi stjórnmalámana. Það er nefnilega svo einkennilegt hvað íslenskir stjórnmalámennt og íslenskir framkvæmdamenn hafa verið hallir undir þessa marxísku kenningu um undirstöður og yfirbyggingu efnahagslífsins.

Það er eins með þessa bók og svo margar aðrar að lesandi spyr sig um af hverju sumt sé ekki í henni sem honum fyndist að ætti að vera þar. Af hverju tekur höfundurinn ekki miklu afdráttarlausar til orða í kafla sem heitir „Í enn stærra samhengi“ þar sem vikið er að mörgu, meðal annars viðleitni íslenskra forráðamanna til að halda hernum hér með öllum ráðum og að stuðningi íslenskra stjórnvalda við innrás Bandaríkjamanna í Írak. Það er meiriháttar ógæfa að styðja stjórnvöld sem byrjuðu á því að ljúga að heiminum að írösk stjórnvöld styddu Al-Kaída og í Írak væru gereyðingarvopn og hafa stýrt framgöngu bandaríks hers með svo dæmafáum hætti að nú eru heimsbyggðinni ljósir kostir Saddams Husseins og talíbananna í Afganistan. Höfundurinn hefði getað gert sér miklu meiri mat úr Íraksmálinu í íslensku samhengi. Það er rétt sem höfundurinn segir að það hefði verið meiri reisin yfir því að taka sjálf ákvörðun um brottför hersins fremur en að bíða þess að „neyðin ræki menn til þess“ (bls. 140).

Í umfjölluninni um stóriðju- og virkjunarstefnu íslenskra stjórnvalda rekur höfundurinn sjónarmið Jakobs Björnssonar, fyrrverandi orkumálastjóra, og um leið gagnrýni Halldórs Laxness á hernaðinn gegn landinu. Hann rekur einnig vandlega margvísleg gögn um stefnuna. Í rökræðunum gegn þessari stefnu nýtir höfundurinn sér samfélagsgreiningu sína og þá staðreynd að áform stjórnvalda hafa verið nokkuð glannaleg svo ekki sé fastar kveðið að orði. Taka má undir fjöldamargt í því sem hann segir, til dæmis um Rio Tinto Zink. En það er ástæða til að nefna tvennt um þennan hluta bókarinnar. Í fyrsta lagi finnst mér óþarfi að persónugera virkjanastefnu stjórnvalda í Jakobi Björnssyni þótt ég skilji af hverju höfundurinn gerir það. Hann er að líkindum sá einstaklingur sem hefur haft mest áhrif á virkjanastefnuna. En fyrir minn smekk þá er þetta einum of líkt því þegar merkikerti og menningarvitar á tuttugustu öldinni töldu að hægt væri að afgreiða samfélagsmál með einni kvikindislegri kjaftasögu og kannski vísu og fyllast síðan djúpri gleði yfir eigin ágæti. Það verður að vísu aldrei sagt um Andra Snæ því að bók hans er alvöruviðleitni til að skilja samtímann, sýna viðmælendunum sanngirni en halda sjónarmiðum sínum samt fast fram. Í öðru lagi held ég að það hefði styrkt bókina ef höfundurinn hefði eytt einum kafla í að fjalla um stöðu náttúrunnar gagnvart áformum mannsins og spurt sig um hvert gildi náttúrunnar sé: Hefur hún gildi í sjálfu sér eða er gildi hennar mannhverft í þeim skilningi að á endanum hlýtur gildi hennar að taka mið af hagsmunum mannanna? Fyrri möguleikinn er róttækur og virðist kalla á endurskoðun margvíslegra sjálfsgöðra sjónarmiða, sá síðari þýðir ekki að menn geti gert það sem þeim sýnist, einungis að þeir verða að taka tillit til varanlegra hagsmuna mannsins. Einn skilningur á slíkum hagsmunum getur verið að hver kynslóð skili náttúrunni eins og hún tók við henni.

Það er vissulega svo að í þessari bók eru staðhæfingar sem ég staldraði við og held að standist tæplega, setningar á borð við „Vopn kalla á notkun“ (bls. 126). En það er miklu meira í bókinni sem er ástæða til að gleðjast yfir. Mér sýnist flest af því sem hann segir um menntun vera skynsamlegt. Svo áttar hann sig á því að maður bjargar ekki heiminum með bókum en kannski okkur sjálfum með því að rekja leið út úr þeim raunveruleika sem ætti að vera horfinn fyrir löngu inn í draumalandið. En það draumaland er ekki hinn besti heimur allra heima heldur veruleikinn eins og hann er.